


ATHUGUN A FISKI I VILLINGAHOLTSVATNI.

MAGNÚS JÓHANSSON

Veiðimálastofnunin á Selfossi.

Eintak bókasafns. VMST-5/8800



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRA HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

SELFOSSI
JANÚAR 1988

VMST-S/88001

ATHUGUN A FISKI Í VILLINGAHOLTSVATNI.

MAGNÚS JÓHANSSON

SELFOSSI
JANUAR 1988

VMST-S/88001

Athugun á fiski í Villingaholtsvatni.

Inngangur.

Villingaholtsvatn er í Villingaholtshreppi í Flóa. Stærð þess er 0.8 km². Vatnið er grunnt, víðast undir 1 m og dýpst um 2 m. Það er í 36 m. h. yfir sjávarmáli. Aðrennsli er að norðanverðu um Vatnsendagil og frárennsli um rás í suðurenda vatnsins.

Líklega hefur veiði verið stunduð í vatninu frá aldaðöli. Í jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 er silungsveiði sögð hafa verið áður í Villingaholtsvatni en brugðist í mörg ár. Í sóknarlýsingu frá 1841 er þar sagt vart við silung "jafnvet þótt engin sé þar frambúð í" (Tómas Guðmundsson 1841). Þórður Flóventsson (1929) telur vatnið gott vatn og mikla átu í því. Hann telur vera mest urriða í vatninu en segir mestu ómynd á veiði. Jón Kristjánsson athugaði vatnið fyrir nokrum árum og taldi það ofsetið fiski (Jón Kristjánsson munnl. uppl.). Einhver netaveiði hefur verið stunduð í vatninu á undanfórnum árum. Veiðst hafa bleikja, urriði, og áll.

Vatnið var athugað 17. júlí 1987. Þá var mjög lágt í því vegna mikilla þurrka en einnig mun rás hafa opnast úr vatninu. Víða var botngróður upp úr. Mest bar á nikrum. Leója er víðast í botni en við suðurströndina og hluta norðurstrandarinnar er grytt. Athugunin var gerð að beiðni Jóns Kristjánssonar bónda í Villingaholti. Tilgangurinn var að kanna ástand fiskstofnanna í vatninu, og gefa ráð um nýtingu þess.


Rannsóknaraðferðir.

Lögð voru 8 tilraunanet í norð-vestur hluta vatnsins, tvö 21.5 mm, eitt 25 mm, 30 mm, 33 mm, 35 mm, 40 mm og 50 mm, á legg. Þessi netasería veiðir nokkuð jafnt fiska sem eru á lengdabilinu 20-45 sm. Netin voru lögð að morgni og dregin að kvöldi eftir 7 tíma legu. Hver fiskur var veginn og lengdarmældur (heildarlengd) kyngreindur og kynþroskastig ákvarðað og fæða og sníkjudýrabyrði athugað. Teknar voru kvarnir og hreistur til aldurákvörðunar. Magafylli var metin og gefin gildi frá 0-5 þar sem 0 er tómur magi en 5 troðinn.


Niðurstöður.

Alls veiddust 31 silungur, 16 bleikjur og 15 urriðar. Afli í lögn (1 lögn er eitt net í einn sólarhring) er rúmlega 15 fiskar.

Urriðarnir voru 16-36 sm langir og 50-600 g að þyngd. Bleikjurnar voru smærri eða frá 19-29 sm og 70-200 g (mynd 1). Fimm urriðar (33%) voru kynþroska og 12 bleikjur (75%) (mynd 1). Flestir urriðanna vor 2ja og 3ja ára en sá elasti 7 ára. Bleikjurnar voru 2-5 ára flestar voru 5 ára (mynd 2).



Mynd 1. Lengdar- og þyngdardreifing urriða og bleikja úr Villingaholtssvatni 17. júlí 1987.



Mynd 2. A. Lengdarvöxtur urriða og bleikja. B. Aldursdreifing urriða og bleikja. Villingaholtsvatn 17. júlí 1987.

Vöxtur urriðanna reyndist þokkalegur. Við 5 ára aldur og um 30 sm tekur að draga úr vexti og jafnframt verða urriðarnir kynþroska. Vöxtur bleikjanna virðist nær stöðvast við 3ja ára aldurinn og 25 sm (mynd 2).

Aðalfæða flestra urriðanna voru hornsíli og flugur líklega, teknar af vatnsyfirborði, en einnig fundust vorflugur, fiðrildi og vatnaskel í fæðunni. Aðalfæða flestra bleikjanna voru flugur, einnig höfðu þær étið rykmýslirfur og púpur, vatnabobba, vatnaflær, vatnaskel og fiðrildi en enginn hafði étið hornsíli. Meðalmagafylli bleikanna var 2.75 en urriðanna 1.67. Holdarfar flestra urriðanna var nálægt meðallagi en flestar bleikjanna voru í fremur lélegum holdum. Flestar bleikjanna voru sýktar bandormum og nokkrar einnig með nýrnaðgðum. Ekki sáust snýkjudýr í urriðunum.

Alyktanir.

Enda þótt þessi rannsókn sé ekki yfirgripsmikil er ljóst að Villingaholtsvatn er enn ofsetið silungi. Þetta kemur skýrast fram í bleikjustofninum sem hefur hátt hlutfall kynþroska, gamalla og hægvoxta fiska með hámarksstærð um 25-30 sm og 150-200 g. Einnig bendir há snýkjudýrabirði í sömu átt. Slík bleikja er léleg markaðsvara. Ofsetning kemur einnig fram hjá urriðunum þó er kynþroskahlutfallið sé mun lægra og þeir ná að verða stærri. Það er því ekki annað til ráða en að grísjá fiskstofnanna í vatninu. Það verður líklega best gert með að veiða með 20-30 mm netum. Til þess að árangur náist þarf veiðilagið að vera mikið og stöðugt. Rétt er síðan að athuga árangurinn eftir nokkur ár með tilraunaveiðum. Hætt er við að mikill fjöldi þess fiskjar sem veiðist meðan á grísjun stendur sé léleg verslunarvara en eftir að grísjun fer að bera árangur verða fiskgæðin önnur og betri. Stangveiði kemur og til greina og ef fiskur fæst til að taka ætti sala stangveiðileyvfa að skapa bændum við vatnið tekjur. Jafnframt veiði er ráðleggt að hækka í vatninu með fyrirstöðu í útfallinu. Með rétttri nýtingu ætti Villingaholtsvatn að geta gefið af sér 1.5-2.0 tonn af fiski árlega.

Heimildir.

Arni Magnússon og Páll Vídalín, 1709. Jarðabók. annað bindi, Arnessýsla. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, 1921, 496 bls.

Tómas Guðmundsson, 1841. Sóknalýsing Villingaholts- og Hróarholtssókna. I; Arnessýsla, sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. Sögufélagið, Reykjavík 1979, 277 bls.

Þórður Flóventsson, 1929. Laxa- og silungaklak á Íslandi. Reykjavík.